

Ár 2011, fimmtudaginn 17. mars kl. 8:00 kom bæjarráð saman til fundar á skrifstofu bæjarins. Mættir voru: Guðmundur Þór Guðjónsson, Eyþór H. Ólafsson og Róbert Hlöðversson.

Ennfremur sátu fundinn Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri og Helga Kristjánsdóttir, skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð í tölvu.

Guðmundur Þór Guðjónsson, formaður, setti fund og stjórnaði.

Leitaði hann eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

Eftirfarandi fært til bókar:

1. **Bréf sem borist hafa frá:**

1.1. **Innanríkisráðuneytinu frá 10. mars 2011.**

Í bréfinu eru upplýsingar um framlag frá jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna endurgreiðslu á hækkun tryggingagjalds árið 2010.

Lagt fram til kynningar.

1.2. **Almannavörnum Árnassýslu frá 26. febrúar 2011.**

Í bréfinu er kynnt vettvangsstjórnarnámskeið Almannavarna Árnassýslu sem haldið verður 11. – 15. apríl n.k.

Lagt fram til kynningar.

1.3. **Mannvirkjastofnun frá 9. mars 2011.**

Í bréfinu er óskað eftir upplýsingum um slysatryggingar slökkviliðsmanna hjá Hveragerðisbæ.

Bæjarstjóra falið að svara bréfinu.

1.4. **Brunavörnum Árnassýslu frá 14. mars 2011.**

Í bréfinu er óskað eftir afnotum af hluta geymslusvæðis Hveragerðisbæjar sunnan við skolphreinsistöð bæjarins í samstarfi við Slökkvilið Hveragerðisbæjar.

Bæjarráð vísar erindinu til skipulags- og bygginganefndar sem taki sérstaklega til skoðunar útlitsleg áhrif af framkvæmdunum.

1.5. **Póstinum frá 22. febrúar 2011.**

Í bréfinu er óskað eftir að Hveragerðisbær hækki ekki þjónustusamning við Póstinn árið 2011.

Bæjarráð samþykkir erindi bréfitara.

1.6. **Húseigendafélaginu Breiðumörk 22 frá 4. mars 2011.**

Í bréfinu er óskað eftir að affallsstokkur er liggur undir húsi nr. 22 við Breiðumörk verði lokað sem allra fyrst og að fráveitulögnum á lóðinni verði breytt.

Bæjarráð felur bæjarstjóra að kanna kostnað við umrædda framkvæmd og leggja fyrir bæjarráð hið fyrsta.

- 1.7. **Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga frá 11. mars 2011.**
Í bréfinu er kynnt stofnun stýrshóps vegna sóknaráætlunar fyrir Suðurlands. Jafnframt er boðað á fyrsta fund stýrshópsins sem haldin verður 18. mars n.k.
Lagt fram til kynningar.
- 1.8. **Heilsulindarsamtökum Íslands ódagsett.**
Í bréfinu er boðað til aðalfundar Heilsulindasamtaka Íslands sem haldin verður 25. mars n.k.
Lagt fram til kynningar.
2. **Fjárhagsleg málefni:**
 - 2.1. **Bréf frá Sýslumanninum á Selfossi frá 3. mars 2011.**
Lagt fram bréf frá Sýslumanninum á Selfossi þar sem hann óskar eftir heimild Hveragerðisbæjar til að mega afskrifa ógreitt útsvar að upphæð kr. 5.888.446.-
Bæjarráð samþykkir afskriftina..
3. **Fundargerðir til kynningar:**
 - 3.1. **Stjórnar Eignarhaldsfélags Hveragerðis og Ölfuss frá 9. mars 2011.**
Bæjarráð samþykkir tillögu stjórnar Eignarhaldsfélags Hveragerðis og Ölfus um að félagið verði starfrækt áfram á meðan að ákvæði um forkaupsrétt er í gildi.
 - 3.2. **Heilbrigðisnefnd Suðurlands frá 4. mars 2011.**
 - 3.3. **Skólaskrifstofu Suðurlands frá 7. mars 2011.**
 - 3.4. **Stjórnarfundur Sorpstöðvar Suðurlands bs. frá 5. janúar 2011.**

Fundargerð upp lesin og samþykkt.
Fleira ekki gert og fundi slitið kl 8:45

Guðmundur Þór Guðjónsson, (sign)

Róbert Hlöðversson, (sign.)

Eyþór H. Ólafsson, (sign)

Aldís Hafsteinsdóttir, (sign)

Helga Kristjánsdóttir, (sign)